

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 140/2022

2022/EES/61/52

frá 29. apríl 2022

## um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2005 frá 16. nóvember 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799 að því er varðar vörpunartölur sem sýna hvernig mat á útlánaáhættu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja samsvarar lánshæfisþreppunum sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

## 1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 14azc (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1799) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 R 2005**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2005 frá 16. nóvember 2021 (Stjtið. ESB L 407, 17.11. 2021, bls. 10).“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2021/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Nicolas von Lingen*

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 407, 17.11.2021, bls. 10.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.